

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 3458/92

frá 30. nóvember 1992

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1014/90 um ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 3280/92 ⁽²⁾, einkum b-lið 1. tölul. i-liðar 4. mgr. 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í a-lið 1. tölul. i-liðar 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 er mælt fyrir um magn tiltekinna tegunda hráefnis sem krafist er ef nota á nöfn tiltekinna tegunda ávaxtabrennivíns. Í b-lið 1. tölul. i-liðar 4. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar er að finna undanþágur frá þessum kröfum um magn sem við eiga við vissar aðstæður.

Í 6. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1014/90 ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1781/91 ⁽⁴⁾, er mælt fyrir um hámarksmagn metanóls í tilteknum tegundum ávaxtabrennivíns, sem skal vera 1 500 g á hektólítra. Þessi krafa um hámarksmagn gildir til 31. desember 1992 hvað varðar perubrennivín sem er framleitt í eimingarstöðvum.

Reynslan sýnir að rétt er að undanþágan gildi áfram fyrir allar eimingarstöðvar. Nútímaaðferðir við framleiðslu umræddrar tegundar brennivíns sýna að þessi ráðstöfun gerir kleift að viðhalda gæðum og hefðbundnum einkennum vörunnar. Þó er rétt við lok reynslutímabils að fram fari ítarlegt mat á þeim áhrifum, einkum þróun í tækni, sem þessi ráðstöfun gæti haft í för með sér svo að unnt verði að draga sem mest úr magni metanóls.

Þó er heimilt að fella úr gildi undanþágu varðandi hámarksmagn metanóls vegna brennivíns sem er bragðbætt með sortulyngi með hliðsjón af þeim staðbundnu aðferðum sem eru við lýði við framleiðslu þeirrar tegundar brennivíns í því héraði.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit framkvæmdanefndar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1014/90 komi eftirfarandi:
„6. gr.

1. Samkvæmt b-lið 1. tölul. i-liðar 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 skal hámarksmagn metanóls í ávaxtabrennivíni sem fengist hefur úr eftirtöldum ávöxtum vera 1 500 g á hektólítra alkóhóls miðað við 100% rúmmál:

- plómum (*Prunus domestica* L.),
- mírabellplómum (*Prunus domestica* L. var *syriaca*),
- sveskjuplómum (*Prunus domestica* L.),
- eplum (*Malus domestica* Borkh.),
- perum (*Pyrus communis* L.).

2. Framkvæmdastjórnin skal fyrir 31. desember 1994 láta fara fram mat á því hvaða áhrif beiting 1. mgr. hefur í för með sér. Hún skal á grundvelli ítarlegrar rannsóknar meta hvort unnt sé að draga úr hámarksmagni metanóls.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 160, 12. 6. 1989, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 327, 13. 11. 1992, bls. 3.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 105, 25. 4. 1990, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 160, 25. 6. 1991, bls. 5.